

Nd.

452. Nefndarálit

[129. mál]

um frv. til l. um útflutning á saltfiski.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið um það umsagnir Sambands ísl. samvinnufélaga og Sölusambands ísl. fiskframleiðenda. Þegar til atkvæðagreiðslu kom í nefndinni greiddu undirritaðir atkvæði með frv., og aðrir tveir (PO og SÁ) voru því andvígir, en einn nefndarmanna (LJós) greiddi ekki atkvæði og kvaðst skila sérstöku nefndaráliti ásamt breytingartillögum við frv.

Samband ísl. samvinnufélaga hefur nú annazt sölu íslenskra afurða erlendis um nálega 40 ára skeið, og reynsla þess í þeim efnunum er því meiri en flestra eða allra annarra verzlunarfyritækja hér á landi. Í Sambandinu eru nú 55 samvinnufélög um land allt, og um 30 þessara félaga munu undanfarin ár hafa haft saltfisk til sölu frá félagsmönnum sínum. Ekkert er heldur því til fyrirstöðu, að útgerðarmenn fái inn-göngu í samvinnufélög og að sérstök samvinnufélög útvegsmanna geti fengið fisk sinn seldan á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga. Þess er ekki að vænta, að útgerðarmenn í samvinnufélögum sætti sig við það til lengdar, að landssamtökum þeirra sé meinað að flytja út eina af aðalframleiðsluvörum landsmanna.

Rétt er að vekja athygli á því, að Sambandið hefur annazt útflutning á freðfiski ávallt síðan sá útflutningur hófst samhliða öðrum samtökum útvegsmanna, og virðist ekki óeðlilegt, að eins sé um saltfisksöluna.

Með skirskotun til þess, sem sagt er hér að framan, leggur minni hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 14. des. 1951.

Halldór Ásgrímsson,
frsm.

Gísli Guðmundsson,
fundaskr.